

## Skilmálar debetkorta Kviku banka hf.

### 1. Almennt um debetkort

- 1.1. Aðilar þessara skilmála eru korthafi, sem með umsókn sinni hefur samþykkt skilmálana, viðkomandi greiðslukortafyrirtæki (færsluhirðir) og Kvika banki hf. (hér eftir m.a. nefndur útgefandi eða bankinn) sem gefið hefur út kortið til korthafa. Þegar korthafi og reikningshafi eru ekki sami aðili gilda reglur þessar og skilmálar einnig fyrir reikningshafa.
- 1.2. Færslur með debetkorti eru skráðar á veltureikning (reikning) sem korthafi skal stofna eða hafa við bankann. Færsluhirðir er aðili sem tekur við kortafærslum og greiðir þær til þjónustuaðila. Færsluhirðir innheimtir síðan kortafærslurnar hjá útgefanda sem innheimtir þær hjá korthafa.
- 1.3. Almennir skilmálar innlánsreikninga, almennir viðskiptaskilmálar Kviku, verðskrá Kviku og gildandi vaxtatafla bankans hverju sinni eru hluti skilmála þessara. Ef ákvæði framangreindra skilmála samræmast ekki, ganga ákvæði þessara skilmála framur ákvæðum almennra skilmála innlánsreikninga og almennra viðskiptaskilmála.
- 1.4. Kvika banki hf. er sérhæfður fjárfestingabanki fjármálafyrirtæki og hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu og lýtur jafnframt eftirliti þess. Helstu upplýsingar um Kviku banka hf.:

Kvika banki hf.  
Kennitala: 540502-2930  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
S: 5403200  
thjonusta@kvika.is

### 2. Notkun

- 2.1. Debetkortið má nota á eftirfarandi hátt:
  - i) Sem alþjóðlegt debetkort til kaupa á vöru og þjónustu.
  - ii) Sem hraðbankakort til úttektar á reiðufé í hraðbanka.
  - iii) Sem bankakort til úttektar eða greiðslu í banka/sparisjóði.
  - iv) Tengt við farsíma eða annað snjalltæki til að kaupa vörur eða þjónustu með snertilausum greiðslum.Nánar er fjallað um einstakar leiðir til notkunar debetkorta í viðauka 1 við skilmála þessa.
- 2.2. Debetkortin eru einkennd með nafni Kviku sem gefur kortin út. Þau eru ELECTRON/VISA kort og eru eign Kviku.
- 2.3. Útgefandi debetkorts getur stöðvað notkun þess og innkallað það án fyrirvara komi til misnotkunar á því eða brota korthafa á reglum og skilmálum um kortið að mati útgefanda.
- 2.4. Debetkort er einungis unnt að nota með lestri upplýsinga af örgjörva, segulrönd eða sýndarnúmeri („token“) þess í farsíma/snjalltæki á rafrænan hátt, þ.m.t. með snertilausum hætti. Í netviðskiptum og við símgreiðslu skal korthafi gefa upp nafn, kortanúmer, gildistíma og öryggisnúmer sé þess óskað af söluaðila. Söluaðili getur farið fram á að kort korthafa sé vottað af Verified By Visa eða samskonar aðila. Framvísun korthafa á debetkorti á sölustað felur í sér samþykki fyrir greiðslu og greiðslufyrirmæli verða ekki afturkölluð þegar segulrönd eða örgjörvi kortsins hefur verið lesin. Kortið er ekki hægt að nýta til greiðslu símleiðis eða bréflega.

- 2.5. Hægt er að tengja kortið við rafrænt veski (e. wallet) og virkja snertilausar greiðslur með Apple pay eða öðru snjalltæki sem gerir korthafa kleift að greiða með farsíma eða öðru snjalltæki á greiðslustöðvum (posum) sem eru útbúnir til þess.
- 2.6. Einstök snertilaus úttekt með debetkorti getur að hámarki verið kr. 7.500. Sé hún hærrí þarf alltaf að stinga kortinu í posa og nota pin númer. Samanlögð upphæð snertilausra færslna er að hámarki 15.000 og þegar þeirri upphæð er náð þarf að stinga kortinu í posa og slá inn pin til að hreinsa þann teljara og byrja upp á nýtt að nota snertilausa virkni. Þetta hámark á ekki við þegar greitt er með apple pay.

### 3. Samstarfsaðilar

- 3.1. Greiðslukortafyrirtækið Valitor auk Reiknistofu bankanna (RB) annast ýmsa þætti debetkortabjónustu fyrir Kviku samkvæmt samningi þeirra á milli.

### 4. Umsókn, kostnaður o.fl.

- 4.1. Umsókn um debetkort skal afhent Kviku. Áður ber umsækjanda að kynna sér vandlega þessa skilmála.
- 4.2. Korthafi/reikningshafi getur sótt um aukakort á nafni annars aðila en ber þá fulla ábyrgð á notkun þess sem sínu eigin.
- 4.3. Með samþykkt umsóknar, undirritun á umsókn, kvittun fyrir móttöku debetkortsins eða við fyrstu notkun á debetkortinu samþykkir korthafi öll ákvæði þessara skilmála um notkun debetkorts svo og bókunaraðferðir Kviku. Miða skal tímasetningu samþykkis korthafa við fyrsta samþykki hans samkvæmt fyrri málslið þessa ákvæðis ef fleiri en eitt eiga við.
- 4.4. Gjöld vegna debetkorts greiðir korthafi samkvæmt verðskrá bankans á hverjum tíma. Verðskrá, sem veitir upplýsingar um gjöld, vaxtakjör og annað sem tengist notkun debetkorta, er að finna á heimasíðu Kviku, [www.kvika.is](http://www.kvika.is).
- 4.5. Kviku er heimilt að skuldfæra á viðskiptareikning korthafa gjöld og kostnað skv. verðskrá, sbr. gr. 4.4.

### 5. Ábyrgð korthafa

- 5.1. Debetkortið er verðmæti sem skal gæta eins og peninga.
- 5.2. Persónubundnir öryggisþættir (þ. á m. PIN númer) eru notaðir til að framkvæma greiðslur í verslunum þar sem beðið er um slíkt eða til úttekta á hraðbönkum. Korthafi ábyrgist að varðveita kortið og PIN númer þess þannig að enginn annar en hann geti notað það.
- 5.3. Korthafi skuldbindur sig til:
  - 5.3.1. Að láta persónubundna öryggisþætti sína ekki öðrum í té.
  - 5.3.2. Að eyðileggja umslag og miða með leyninúmeri um leið og hann hefur fengið og lært leyninúmerið eða skráð það á öðrum stað.
  - 5.3.3. Að gefa ekki til kynna að um sé að ræða leyninúmer vegna debetkorts ef leyninúmerið er skráð.

- 5.3.4. Að gefa engum upp leylinúmerið eða skrá það á debetkortið og geyma ekki upplýsingar í sömu hirslu og debetkortið er geymt.
- 5.3.5. Korthafi ber ábyrgð á öllum greiðslum/úttektum sem verða vegna notkunar debetkorts hans, sbr. þó gr. 6.3., 6.4. og 9.2.
- 5.3.6. Aukakorthafi ber ábyrgð á öllum greiðslum/úttektum á sama hátt og aðalkorthafi.
- 5.3.7. Korthafi ábyrgist tjón gagnvart Kviku sem verður vegna vanrækslu hans við vörslu eða notkun debetkorts eða leylinúmers þess, sbr. þó gr. 9.2.
- 5.3.8. Korthafa er skylt að tilkynna aðsetursskipti til Kviku til að tryggja að reikningsyfirlit og aðrar upplýsingar berist honum með eðlilegum hætti.
- 5.4. Debetkort er tengt viðskiptareikningi korthafa hjá Kviku. Heimild til greiðslu/úttektar með því takmarkast við þá ráðstöfunarfjárhæð sem er á þeim reikningi þegar kortið er notað.
- 5.4.1. Korthafi skuldbindur sig til að eiga ávallt næga innstæðu eða yfirdráttarheimild fyrir hverri greiðslu/úttekt af þeim reikningi sem kortið er tengt. Korthafi ábyrgist að fara ekki yfir ráðstöfunarfjárhæð sína með notkun kortsins. Við hverja úttekt umfram innstæðu leggst sérstakur kostnaður skv. verðskrá Kviku sem skuldfærður verður á reikning korthafa. Taki korthafi út fjármuni umfram innstæðu eða umfram yfirdráttarheimild getur Kvika fyrirvaralaust afturkallað kortið og lokað viðskiptareikningi korthafa.

## 6. Ábyrgð útgefanda

- 6.1. Kvika er ekki ábyrg fyrir tjóni sem verður vegna lagaboða, aðgerða stjórnvalda, náttúruhamfara, stríðs, verkfalls, verkþans, skæruverkfalla eða annarra slíkra aðstæðna, rafmagnstruflana eða rafmagnsleysis, né vegna truflana í símkerfi eða öðrum boðleiðum eða samgöngum.
- 6.2. Kvika er ekki ábyrg fyrir tjóni né óhagræði sem verður vegna þess að móttöku debetkorts er hafnað sem greiðslu hjá söluaðila eða í sjálfsafgreiðslubúnaði né öðrum skaða sem leitt getur þar af, sbr. þó 6.3. og 6.4.
- 6.3. Telji korthafi að hann hafi orðið fyrir skaða vegna tæknilegrar bilunar í hraðbanka eða öðrum sjálfsafgreiðslutækjum þá ber Kviku fyrir hönd viðkomandi sölu- og þjónustuaðila að færa fram fullgild rök fyrir því að búnaðurinn hafi starfað rétt þá er umrædd viðskipti fóru fram en er ella ábyrgur fyrir tjóninu.
- 6.4. Ábyrgð Kviku takmarkast við beint fjárhagslegt tjón korthafa en nær ekki til annars skaða eða óþæginda sem leitt geta af bilun sjálfsafgreiðslubúnaðar. Kvika ábyrgist ekki tjón þegar tækjabilun á að vera korthafa ljós, svo sem þegar skilaboð þess efnis koma fram á tölvuskjá.

## 7. Gildistími

- 7.1. Kvika ákveður gildistíma debetkortsins og er hann skráður á kortið hverju sinni.
- 7.2. Korthafi heimilar endurnýjun kortsins áður en gildistíminn rennur út nema fyrirmæli berist um annað.

## 8. Notkun debetkorts erlendis

- 8.1. Notkun debetkorts erlendis er heimil þar sem merki Valitors, VISA/ELECTRON, eru uppi.

- 8.2. Úttektir erlendis eru millifærðar í gjaldmiðli viðkomandi lands og umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi Kviku á færsludegi ásamt kostnaði.
- 8.3. Korthafi greiðir einnig sérstakt úttektargjald skv. verðskrá bankans eins og hún er hverju sinni.

## 9. Glatað kort

- 9.1. Glatist debetkort ber korthafa tafarlaust að tilkynna það til Kviku eða næsta umboðsaðila VISA/ELECTRON, hvar sem er í heiminum. Korthafi á rétt á að fá staðfestingu á að hann hafi sinnt tilkynningaskyldu sinni. Sé tilkynning gefin símleiðis skal korthafi staðfesta hana skriflega innan viku. Þegar skrifleg yfirlýsing þar um hefur borist getur korthafi fengið nýtt debetkort sér til handa.
- 9.2. Korthafi ber ekki ábyrgð á notkun korts eftir að hann hefur tilkynnt það glatað, nema hann hafi sýnt af sér sviksamlega háttsemi. Auk þess ber korthafi ekki ábyrgð á notkun korts eftir að hann hefur tilkynnt það glatað ef móttakandi tilkynningar, sbr. grein 9.1, hefur ekki lokað kortinu strax í kjölfar tilkynningar, nema korthafi hafi sýnt af sér sviksamlega háttsemi.
- 9.3. Sjálfsábyrgð korthafa takmarkast við jafnvirði 150 evra í ísl. krónum ef kort hans er notað af óviðkomandi aðila áður en hvarf þess er tilkynnt. Við ákvörðun fjárhæðar sjálfsábyrgðar er horft til þess hvernig korthafi varðveitti kortið og PIN-númer þess og til málsatvika þegar kortið týndist, glataðist eða var nýtt með óréttmætum hætti. Korthafi er ábyrgur fyrir öllum úttektum sem staðfestar eru með PIN-númeri, hafi hann ekki varðveitt PIN-númer í samræmi við greinar 5.3.1 – 5.3.3 skilmála þessa, enda telst varðveisla með öðrum hætti stórfellt gáleysi. Korthafi er ábyrgur fyrir allri notkun korts og greiðslu úttekta sé um að ræða stórfellt gáleysi eða svik af hans hálfu í sambandi við kort sem tilkynnt eru glötuð. Tilkynningaskyldu ber að fullnægja svo fljótt sem verða má eftir að hvarf korts uppgötvast.
- 9.4. Glati korthafi debetkorti sínu erlendis býðst honum neyðarkort eða neyðarfé fyrir milligöngu umboðsaðila VISA/ELECTRON. Kostnaður vegna þessarar þjónustu skuldfærist á viðskiptareikning korthafa samkvæmt verðskrá.
- 9.5. Finni korthafi síðar kort, sem tilkynnt hefur verið glatað, er honum ekki heimilt að nota það. Tilkynna ber Kviku eða Valitor hf. ef kortið finnst og senda það sundurklippt til baka.

## 10. Misnotkun

- 10.1. Debetkortið er eign Kviku og getur Kvika afturkallað það fyrirvaralaust ef um misnotkun eða vanskil er að ræða hjá korthafa, eða vegna brota á þessum eða öðrum viðskiptaskilmálum bankans.
- 10.2. Kvika hefur heimild til þess að skrá öll afturkölluð kort og miðla þeim upplýsingum til seljenda vöru og þjónustu. Ef seljandi óskar þess að korthafi skili eftirlýstu korti þá ber honum að afhenda það.
- 10.3. Kvika hefur heimild til að ógilda kort vegna misnotkunar og er áskilinn réttur til að setja upplýsingar þar um á lokanaskrá banka og sparisjóða og varðveita þar.
- 10.4. Korthafa er óheimilt að nota debetkortið eftir að gildistími þess rennur út eða það hefur verið ógilt. Misnotkun kortsins varðar við lög, sbr. m.a. 249 gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

## 11. Breytingar

- 11.1. Kvika áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum einhliða hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara ef þær eru til hagsbóta fyrir korthafa eða varða atriði sem falla utan gildissviðs laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Séu breytingarnar ekki til hagsbóta fyrir korthafa og varða atriði sem falla undir gildissvið laga um greiðsluþjónustu, taka breytingarnar gildi með tveggja mánaða fyrirvara og skal korthafa tilkynnt um þær á tryggan hátt, s.s. með skilaboðum í netbanka eða póstsendingu á tilkynnt aðsetur eða lögheimili korthafa hafi hann ekki aðgengi að netbanka. Geri korthafi ekki athugasemdir innan þess tíma telst hann hafa samþykkt breytingarnar. Breytingar á öllum skilmálum bankans eru birtar á vefsíðu bankans, [www.kvika.is](http://www.kvika.is)
- 11.2. Vilji korthafi segja kortinu upp skal hann tilkynna það skriflega til Kviku og skila kortinu sundurklipptu.

## 12. Meðferð persónuupplýsinga

- 12.1. Persónuupplýsingar þær sem safnast í tengslum við umsókn um debetkort verða skráðar í tölvukerfi útgefanda þ.á m. upplýsingar um korthafa, aukakorthafa og ábyrgðarmenn. Upplýsingar sem hér um ræðir eru m.a. kennitala, heimilisfang og aðrar þær upplýsingar sem aðilar hafa veitt bankanum með útfyllingu eyðublaða og forma bankans. Kviku er einnig heimilt að afhenda öðrum félögum innan samstæðunnar persónuupplýsingar um viðskiptavinum sína án samþykkis hafi viðskiptavinur leitað eftir þjónustu frá viðkomandi félögum.
- 12.2. Allar upplýsingar um kortareikninga og notkun korta eru vistaðar í tölvukerfi bankans. Dulkóðaðar upplýsingar um færslur á korti korthafa eru sendar alþjóðlegum kortasamsteypum, þ.e. upplýsingar um kortnúmer, hvenær færsla er gerð, fjárhæð færslu og hver er starfsemi seljanda.
- 12.3. Bankanum er heimilt lögum samkvæmt að halda utan um og vinna með upplýsingarnar með rafrænum hætti. Vinnsla getur t.d. verið nauðsynleg við gerð viðskiptasamninga, til að þjóna þeim á gildistíma þeirra og í því skyni að setja fram og birta upplýsingar í netbanka og snjalltækjum. Vinnsla persónuupplýsinga getur einnig verið notuð sem grundvöllur fjármálaráðgjafar og greiningar viðskiptavina.
- 12.4. Bankinn kann að nota persónuupplýsingar í markaðslegum tilgangi, þ.m.t. til að þróa nýjar þjónustuleiðir og viðskiptalausnir sem beint er til ákveðins hóps viðtakenda á grunni persónuupplýsinga. Bankinn getur haft samskipti í þessu skyni við viðskiptavinum í gegnum sms, tölvupóst, netbanka eða önnur rafræn skilaboð. Bankinn notar sams konar samskiptaleiðir til að meta gæði þjónustu sem bankinn veitir. Viðskiptavinir bankans geta óskað eftir því að notkun persónugreinanlegra upplýsinga eða sending tölvupósts í markaðslegum tilgangi fari ekki fram.
- 12.5. Flokkun persónuupplýsinga, svo sem vegna fjármálaalegra færslna sem viðskiptavinur hefur aðgang að í gegnum netbanka eða snjalltækjalausnir, má setja fram gagnvart viðskiptavinum með hverjum þeim hætti sem eykur notkunargildi þeirra og gegnsæi eða til að uppfylla þá þjónustubætti sem í boði eru á hverjum tíma, enda sé öryggi upplýsinganna tryggt með fullnægjandi hætti eftir sem áður.
- 12.6. Það kann að vera að upplýsingunum sé deilt með þriðja aðila t.d. til eftirlits- eða til þjónustuaðila en fyllsta öryggis og trúnaðar er gætt við slíka miðlun.

12.7. Vinnsla og geymsla persónuupplýsinga skal vera í samræmi við það sem nauðsynlegt er til starfrækslu greiðslumiðlunar. Þá getur vinnsla persónuupplýsinga verið nauðsynleg við rannsóknir ef grunsemdir vakna um peningþvætti eða aðra sviksemi og byggir slík vinnsla á viðeigandi löggjöf. Bankinn skal gæta þess að vinnsla og vistun persónuupplýsinga sé ætíð í samræmi við gildandi lög og reglur.

### 13. Önnur ákvæði

- 13.1. Öll mál, sem kunna að rísa af notkun kortsins, skulu, nema á annan veg sé samið, fara eftir íslenskum lögum. Korthafi samþykkir auk þess að Kvika megi reka innheimtumál í því landi sem korthafi hefur búsetu í hverju sinni.
- 13.2. Rísi mál vegna túlkunar skilmála þessara eða framkvæmdar á grundvelli þeirra má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 13.3. Kvika áskilur sér rétt til að miðla upplýsingum til viðskiptavina um þjónustu og tilboð símleiðis, með tölvupósti, á vef Kviku eða eftir öðrum þeim leiðum sem hann kýs. Kjósi viðskiptavinur að hafna því að fá upplýsingar sem hér um ræðir getur hann tilkynnt það skriflega í tölvupósti á [thjonusta@kvika.is](mailto:thjonusta@kvika.is), eða í síma 540 3200.

## VIÐAUKI 1 – NÁNAR UM LEIÐIR TIL NOTKUNAR DEBETKORTA

### A. Debetkort sem greiðslukort

1. Þegar korthafi greiðir fyrir vöru eða þjónustu með debetkorti sínu og undirritar kaupnótu eða notar leyninúmer (PIN) vegna þeirra viðskipta þá samþykkir hann framkvæmd greiðslu og staðfestir jafnframt að næg ráðstöfunarfjárhæð sé á reikningi sínum. Þá samþykkir korthafi með framkvæmd greiðslu að viðkomandi fjárhæð sé tekin út af reikningi sínum samkvæmt færslu- og bókunaraðferðum Kviku.
2. Korthafi fær afhent eintak sölunótu við notkun kortsins en annað eintak er varðveitt hjá seljanda. Færsluboð eru send frá seljanda rafrænt til uppgjors hjá banka/sparisjóði seljanda og korthafa. Upplýsingar um viðskiptin geymast í bókhaldi þessara aðila og verða ekki látnar öðrum í té nema lög eða reglur áskilji annað.
3. Sérhver ávinningur eða tjón vegna kaupa á vöru eða þjónustu, sem greidd er með debetkorti, er útgefanda korts algerlega óviðkomandi og án ábyrgðar hans.
4. Kviku er heimilt að skuldfæra viðskiptareikning korthafa fyrir úttektum hans með debetkorti miðað við útgáfudag/dagsetningu kaupnótu. Um gildisdag færslna með debetkorti er að öðru leyti vísað til gr. 7.2. í almennum skilmálum vegna viðskipta við Kviku, um vaxtaútreikning.
5. Korthafi getur ekki afturkallað greiðslur er hann innir af hendi með debetkorti sínu.
6. Greiðslur með debetkorti koma fram á reikningsyfirliti þess viðskiptareiknings sem kortið er tengt í Netbanka korthafa. Á yfirlitinu kemur fram nafn seljanda, þar sem kortið var notað, ásamt dagsetningu og upphæð. Ef um erlend viðskipti er að ræða kemur einnig fram upphæð í gjaldmiðli þess lands þar sem greiðsla var framkvæmd. Ef korthafi hefur athugasemdir við reikningsyfirlit sitt ber honum að tilkynna það Kviku innan 20 daga frá móttöku þess. Í vafatilvikum hvílir sönnunarbyrðin á útgefanda.

### B. Debetkort í hraðbönkum

1. Þegar debetkortið er notað í hraðbönkum kemur innsláttur leyninúmers (PIN-númer) í stað undirskriftar og skoðast notkunin á kortinu og leyninúmerinu sem kvittun korthafans til Kviku fyrir úttekinni fjárhæð.

### C. Debetkort til úttektar í banka/sparisjóði

1. Við peningaúttekt eða greiðslu í banka eða sparisjóði skal framvísa kortinu hjá gjaldkera. Afgreiðsla fer fram á rafrænan hátt og gilda um hana liðir A 1, 2, 4, 5 og 6 hér að framan.